

Nr. 065 / 16 Sæborg farþegabátur***Farþegi slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1475
Smíðaður: Akureyri 1977, eik
Útgerð: Norðursigling hf.
Stærð: 40,1 brl. 36 bt.
Mesta lengd: 18,8 m Skráð lengd: 17,09 m
Breidd: 4,8 m Dýpt: 2,23 m
Vél: Caterpillar, 300 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 4



Sæborg © Norðursigling

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 27. nóvember 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 28. júní 2016 var Sæborg í siglingu með farþega í hvalaskoðun á Skjálfandaflóa. Veður: S 9 m/s. Ölduhæð: 1,3m.

Á siglingunni rann farþegi af bekk miðskips og niður á þilfar með þeim afleiðingum að hann slasaðist á hægri fæti. Bátum var snúið til hafnar á Húsavík þar sem slasaði fékk aðhlynningu hjá lækni.

Við rannsókn kom fram:

- að bekkurinn, sem var með baki en án handriða við gafla, sem farþeginn sat á var langsum í bátum;
- að í veltingi rann farþeginn út af bekknum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.